



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn 30. júní 2006

Ákvörðun nr. 23/2006

Ósk leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils svf. um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlega verðskrá fyrir félagsmenn Hreyfils.

**I
Erindið**

1.

Samkeppniseftirlitinu barst bréf, dags. 30. mars 2006, þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir sameiginlegan hámarksökutaxta leigubifreiðastjóra Hreyfils svf. (Hreyfils). Undanþágunnar er óskað á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 frá bannákvæðum í 10. og 12. gr. sömu laga.

2.

Forsaga málsins er sú að um langa hríð hafa leigubifreiðastjórar í landinu tekið gjald fyrir akstur í samræmi við gildandi hámarksökutaxta. Hámarksökutaxti leigubifreiða hefur verið gefinn út af Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra (BÍLS), að undangengnu samþykki Samkeppnisstofnunar (nú Samkeppniseftirlitsins, hér eftir nefnt Samkeppniseftirlitið) á verðhækkunum.

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 *Afnám á hámarkstöxtum leigubifreiða sem Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra gefur út sem birt var 7. febrúar 2006* kvað á um að frá og með 1. maí 2006 skyldi falla úr gildi hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar sem gefinn hefur verið út af BÍLS. Jafnframt áréttaði Samkeppniseftirlitið að eftir gildistöku þessarar ákvörðunar verði fyrirtækjum sem reka leigubifreiðar, þ.e. hverjum þeim sem á og rekur leigubifreiðar, hvort heldur sem er frá leigubifreiðastöð eða á annan hátt, leigubifreiðastöðvum og samtökum leigubifreiðastjóra óheimilt að hafa hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem fer gegn 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

BÍLS kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og krafðist þess að umrædd ákvörðun Samkeppniseftirlitsins yrði felld úr gildi. Áfrýjunarnefndin staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með úrskurði sínum nr. 2/2006 18. apríl sl.

Þar sem undanþágubeiðni Hreyfils sem mál þetta fjallar um barst Samkeppniseftirlitinu ekki fyrr en raun ber vitni birti Samkeppniseftirlitið þann 24. apríl 2006 ákvörðun nr. 15/2006 þar sem gildistöku ákvörðunar nr. 4/2006 um



afnám á hámarksökutöxtum leigubifreiða var frestað. Þar segir m.a.: „Í ljósi þess hversu seint undanþágubeiðnin barst frá Hreyfli er ekki unnt að ljúka nauðsynlegri athugun á erindi Hreyfils fyrir 1. maí nk. Í þessu ljósi og með hliðsjón af öflugri stöðu Hreyfils á markaðnum er nauðsynlegt að grípa til tímabundinna ráðstafana til að tryggja að þessi staða sem nú er upp komin valdi ekki röskun á markaðnum.“ Ákvörðunarorðin í málinu hljóðuðu svo: „Hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar, sem samþykktur hefur verið af Samkeppniseftirlitinu og gefinn út af BÍLS, Bandalagi íslenskra leigubifreiðastjóra, sem falla átti úr gildi frá og með 1. maí 2006, heldur gildi sínu fram til 30. júní n.k. og fellur úr gildi frá og með 1. júlí 2006.“

3.

Eins og að framan greinir barst Samkeppniseftirlitinu bréf, dags. 30. mars 2006, þar sem óskað er eftir undanþágu fyrir sameiginlegan hámarksökutaxta leigubifreiðastjóra Hreyfils. Í bréfinu er bent á að það sé mat löggjafans að leigubifreiðaaakstur teljist hluti af almenningssamgangnakerfinu. Því sé nauðsynlegt að tryggja að ávallt sé næg og góð þjónusta í boði. Því hafi löggjafinn sniðið þeim sem hafi atvinnu af akstri leigubifreiða sérstakt umhverfi með lögum nr. 134/2001 um leigubifreiðar og reglugerð nr. 397/2003. Skv. 6. gr. laga um leigubifreiðar sé atvinnuleyfi skilyrði fyrir því að viðkomandi sé heimilt að taka að sér eða stunda leigubifreiðaaakstur. Til þess að fá útgefið atvinnuleyfi þurfi umsækjandi að uppfylla ákveðin skilyrði, m.a. hafa fullnægjandi starfshæfni, vera fjár síns ráðandi og hafa ekki verið dæmdur til refsivistar ofl.

Í bréfinu er einnig bent á að fjöldi leigubifreiða á ákveðnum svæðum sé takmarkaður skv. heimild í 8. gr. laganna. Þannig sé starfssvæði Hreyfils takmarkað við Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, Bessastaðahrepp, Reykjanesbæ og Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhrepp. Á þessu svæði sé hámarksfjöldi atvinnuleyfa 560 leyfi.

Þá er í bréfinu bent á að skv. 3. gr. laga um leigubifreiðar sé leigubifreiðastöðvum ætlað mikilvægt hlutverk við framkvæmd laga og reglna á þessu sviði. Öllum leigubifreiðum á takmörkunarsvæðum, sbr. takmörkunarsvæði Hreyfils, sé skylt að hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem hafi fengið starfsleyfi Vegagerðarinnar. Leigubifreiðastöðinni beri að hafa eftirlit með því að ökumenn, sem þar hafi afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerðar um leigubifreiðar.

Í bréfinu er enn fremur bent á að tilkoma nýrra aðila á markaðinn sé takmörkunum háð, þar sem aðeins séu 560 atvinnuleyfi í boði, en við þessar aðstæður muni fullkomin og óheft samkeppni seint ríkja á markaðinum. Bent er á að löggjafinn hafi metið það svo að hagsmunir neytenda af öruggri og skilvirkri starfsemi leigubifreiðastöðva séu ríkari en af því að fullkomin samkeppni ríki í leigubifreiðaaakstri, og að við óbreytta löggjöf sé afar varasamt að gefa verðákvörðun frjálssa.

Þá er í bréfinu fjallað um sérstakar aðstæður Hreyfils. Þannig hafi Hreyfill gert rammisamning við ríkið um akstur leigubifreiða fyrir ríkið. Hreyfill hafi þar gert samning um afslátt af verði til ríkisins og þurfi að efna þær skyldur sem af samningnum leiði við Ríkiskaup eða aðra sambærilega aðila, en muni ekki geta



efnt þessar skyldur án þess að öllum leigubifreiðastjórum, sem á stöðinni starfa, verði gert skylt að efna slíka samninga í hvívetna.

Þá er bent á að Hreyfill reki tölvukerfi sem geri félaginu kleift að ákvarða hámarksverð – sem einnig sé viðmiðunarverð í rammamningum – miðlægt. Þessu hámarksverði sé ekki unnt að breyta í bifreiðunum. Eftir sem áður sé leigubifreiðarstjórum í sjálfs vald sett að selja þjónustu sína við lægra verði.

Loks er bent á að hagsmunum neytenda sé best borgið ef hámarkstaxtar séu til staðar. Framboð á leigubifreiðum sé misjafnt frá einum tíma til annars. Færri bifreiðastjórar vilji aka á hátíðardögum og þegar veður séu vond. Ef engir hámarkstaxtar séu til staðar og hver og einn leigubifreiðastjóri ákveði verð sitt sjálfur sé alltaf sú hætta fyrir hendi að þessi aðstaða verði misnotuð og neytendur neyðist til að greiða hærra fargjald þegar fáir bílar séu á götunum en ella þyrfti. Fáist ekki undanþága frá bannákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga verði leigubifreiðastöðvar ekki í aðstöðu til að hindra slíkt ástand og muni þær því illa geta sinnt þeirri neytendavernd sem þeim er ætlað lögum samkvæmt.

Í ljósi framangreinds er því farið fram á undanþágu fyrir Hreyfil til þess að ákveða hámarkstaxta fyrir félagsmenn. Eftir sem áður verði félagsmönnum kleift að bjóða þjónustu sína á lægra verði.

II

Aðstæður á leigubifreiðamarkaði

1.

Í máli þessu óskar Hreyfill eftir undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga frá bannákvæðum 10. og 12. gr. sömu laga til þess að Hreyfli verði unnt að hafa samræmdan ökutaxta fyrir þær leigubifreiðar sem aka undir merkjum félagsins.

2.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að mál þetta tengist a.m.k. tveimur mörkuðum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2006 segir að líta beri á rekstur hvernar leigubifreiðar sem rekstur sjálfstæðs fyrirtækis í skilningi samkeppnislaga. Af því má ráða að sá markaður, sem fyrirfram hefði mátt ætla að væri einn og sami „leigubifreiðamarkaðurinn“ greinist í raun í tvo markaði hér á landi:

1) Markað fyrir þjónustu við leigubifreiðastjóra, þar sem leigubifreiðastöðvar keppa um að selja viðskiptavinum sínum, leigubifreiðastjórum, þjónustu sína.

2) Markað fyrir þjónustu við neytendur, farþega í leigubifreiðum. Á þessum markaði keppa leigubifreiðastjórar.

Þessir tveir markaðir eru samtvinnaðir í flóknu regluverki sem um markaðina gildir. Ákvörðun í máli þessu hefur áhrif á báða markaðina. Áhrif á fyrri markaðinn beinast að því hvaða þjónustu leigubifreiðastöðvar geta boðið bílstjórum og á möguleika stöðvanna til markaðssetningar út á við fyrir hönd leigubifreiðastjóranna. Áhrif á síðari markaðinn stafa af því að ákvörðunin varðar beinlínis tekjur þeirra fyrirtækja sem á honum starfa af seldri þjónustu. Af þessum sökum er nauðsynlegt að fjalla um báða markaðina í þessu máli.

3.



Um rekstur leigubifreiða gilda lög um leigubifreiðar, nr. 134/2001. Í 3. gr. laganna eru félög leigubifreiðastjóra og leigubifreiðastöðvar skylduð til þess að eiga með sér samráð um gæði og öryggi þjónustunnar. Þar segir m.a.:

„Allar leigubifreiðar á takmörkunarsvæði skv. 8. gr. skulu hafa afgreiðslu á leigubifreiðastöð sem fengið hefur starfsleyfi Vegagerðarinnar.

Leigubifreiðastöðvar skulu í samráði við félög leigubifreiðastjóra skipuleggja starfsemi sína með þeim hætti að almenningi verði veitt góð og örugg þjónusta. Hver leigubifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn, sem þar hafa afgreiðslu, fari eftir fyrirmælum laga og reglugerða um leigubifreiðar...”

Samkeppniseftirlitið hefur bent á að þessi ákvæði fari gegn grunnrökum samkeppnislaga og bjóði heim hættu á verðsamráði, markaðsskiptingu og öðrum alvarlegum samkeppnishömlum.¹

Í 6. gr. laganna er kveðið á um að engum einstaklingi verði veitt fleiri en eitt atvinnuleyfi, en atvinnuleyfi er skv. 1. mgr. sömu lagagreinar er skilyrði þess að viðkomandi verði heimilt að taka að sér eða stunda leigubifreiðaakstur. Þessi ákvæði hafa verið skilin þannig að einstaklingum sé bannað að eiga og reka fleiri en eina leigubifreið í senn í sínu nafni og ráða til sín bifreiðastjóra til að aka þeim. Samkeppniseftirlitið hefur ennfremur bent á að þetta ákvæði fari gegn markmiði samkeppnislaga.²

Í skilningi samkeppnislaga, sbr. einnig framangreind ákvæði, er hver og ein leigubifreið í reynd sjálfstætt fyrirtæki. Af tilvitnaðri 6. gr. laga um leigubifreiðar leiðir því að samráð milli einstakra leigubifreiðastjóra er ólöglegt samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga.³

Skv. 2. gr. laga um leigubifreiðar fer Vegagerðin með framkvæmd mála er varða leigubifreiðar. Í 8. gr. laganna segir að samgönguráðherra setji í reglugerð, að fengnum tillögum Vegagerðarinnar, nánari reglur um fjölda leigubifreiða á ákveðnum svæðum. Þær reglur séu settar að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórna, héraðsnefnda og félaga leigubifreiðastjóra.

Samkeppniseftirlitið hefur bent á að 8. gr. laganna sé mjög samkeppnishamlandi og lagði til að hún yrði felld brott úr lagafrumvarpinu sem síðan varð að lögum.⁴ Taldi Samkeppniseftirlitið greinina stuðla að hærra verði til neytenda með því að takmarka framboð á markaðinum.

Í reglugerð um leigubifreiðar er í 23. gr. greint frá skilyrðum fyrir starfsleyfi bifreiðastöðva, en þar kemur fram að lágmarksfjöldi atvinnuleyfihafa (leigubifreiða) á hverri stöð sé 10. Rök standa til þess að þetta ákvæði hamli einnig samkeppni þegar haft er í huga að samkvæmt 3. gr. laga um leigubifreiðar

¹ Umsögn Samkeppnisstofnunar um frumvarp til laga um leigubifreiðar, send samgöngunefnd Alþingis með bréfi dags. 21. nóvember 2001, bls. 2.

² Umsögn Samkeppnisstofnunar, sami staður.

³ Augljóst er að væri lagaumhverfið öðruvísi hvað þetta varðar, þ.e.a.s. að einum aðila væri heimilt að eiga og reka allar leigubifreiðar tiltekinnar leigubifreiðastöðvar, myndi bann við samráði milli fyrirtækja um verð ekki koma í veg fyrir samræmda gjaldskrá einstakra leigubifreiðastöðva.

⁴ Umsögn Samkeppnisstofnunar, sami staður.



er leigubifreiðum á takmörkunarsvæðum skylt að hafa afgreiðslu hjá leigubifreiðastöð. Samkeppniseftirlitinu er kunnugt um að sumir leigubifreiðastjórar telja „stöðvaskylduna“ mjög íþyngjandi og þess eru dæmi að leigubifreiðastjórar séu skráðir hjá stöð án þess að nýta sér þjónustu stöðvarinnar að öðru leyti en því að vera þar skráðir og fullnægja þannig kröfu laga og reglugerðar. Fyrir þetta greiði bifreiðastjórnarnir mánaðarlegt stöðvargjald, etv. með nokkrum afslætti frá almennu verði.

Regluverk um rekstur leigubifreiða er um margt flókið og hefur Samkeppniseftirlitið bent á fleiri þætti í þessu regluverki sem það telur samkeppnishamlandi.

Um leið og opinber hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar fellur úr gildi, verður óhjákvæmilegt fyrir þá sem reka leigubifreiðþjónustu að taka sjálfir ákvörðun um gjaldskrá. Þar með skapast aukið færi á að keppa ekki aðeins á grundvelli gæða þjónustunnar, heldur einnig á grundvelli verðs. Slík breyting getur ein og sér stuðlað að aukinni samkeppni á markaðinum.

III

Niðurstöður

1.

Skv. 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, vöru- eða þjónustumarkaðnum og landfræðilega markaðnum.

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru og þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Til vöru og þjónustumarkaðar telst öll sú vara eða þjónusta sem falboðin er sem talið er að geti verið staðgönguvara eða –þjónusta frá sjónarmiði neytanda vegna eiginleika vörunnar eða þjónustunnar, verðs hennar eða fyrirhugaðrar notkunar.⁵

Hér að framan hefur komið fram það sjónarmið Samkeppniseftirlitsins að þjónustumarkaðir þessa máls séu tveir. Í fyrsta lagi er markaður fyrir þjónustu við leigubifreiðastjóra, þ.e. markaður leigubifreiðastöðva. Hins vegar er markaður fyrir þjónustu við neytendur, þ.e. markaður leigubifreiða/leigubifreiðastjóra.

Leigubifreiðastöðvar

Hreyfill starfar á takmörkunarsvæði sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Samkeppniseftirlitið telur þetta svæði vera hinn landfræðilega markað þessa máls. Á þeim markaði starfa nú 5 leigubifreiðastöðvar. Þær eru Hreyfill, BSR, Borgarbílastöðin, Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og Aðalstöðin í Keflavík.

⁵ Commission Notice on the definition of the relevant market for the purposes of Community competition law. Sótt á http://ec.europa.eu/comm/competition/antitrust/relevma_en.html.



Þjónusta leigubifreiðastöðva við leigubifreiðastjóra felst einkum í símsvörun og miðlun upplýsinga til bifreiðastjórana um ferðir með farþega. Þá sjá bifreiðastöðvarnar um nótuviðskipti og afla í sumum tilvikum afsláttarsamninga fyrir stórnotendur, sem bifreiðastjórar á þeirra vegum sjá svo um að sinna. Leigubifreiðastöðvar gegna einnig lögbundnu eftirlitshlutverki gagnvart bifreiðastjórum eins og áður hefur komið fram. Í sumum tilvikum reka leigubifreiðastöðvar þvottaaðstöðu fyrir bifreiðastjóra stöðvarinnar og fleira mætti telja. Stöðvagjöld bifreiðastjóra eru mjög mishá.

Upplýsingar frá Hreyfli og Vegagerðinni gefa til kynna að markaðshlutdeild Hreyfils sé um 60-65%. Markaðshlutdeildin ein og sér bendir til þess að Hreyfill hafi markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir þjónustu við leigubifreiðastjóra.⁶

Leigubifreiðar/leigubifreiðastjórar

Leigubifreiðastjórar sem kaupa aðstöðu og þjónustu hjá Hreyfli starfa á hinum landfræðilega markaði þessa máls, þ.e. því takmörkunarsvæði sem nær til höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Takmörkunarsvæðið ber nafn sitt af því að aðgangur nýrra bifreiðastjóra er takmarkaður og að öðru jöfnu óheimill nema þegar einhver þeirra bifreiðastjóra sem fyrir voru hefur hætt störfum, og þá aðeins að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Á svæðinu geta allt að 560 atvinnubílstjórar starfað á hverjum tíma, skv. ákvæðum reglugerðar um leigubifreiðar.

2.

Í máli þessu fer Hreyfill fram á heimild til að hafa samræmdan ökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem kaupa þjónustu félagsins og starfrækja leigubifreiðar í nafni þess.

Samkeppniseftirlitið telur að afnám hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra muni breyta skilyrðum leigubifreiðastöðva og leigubifreiðastjóra. Afleiðingar þeirrar breytingar ráðast mjög af því hvort einstökum leigubifreiðastöðvum verður heimilt að hafa samræmdan ökutaxta innan hvernar stöðvar eða ekki.

Í 10 gr. samkeppnislaga kemur fram að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort sem þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni séu bannaðar. Í 12 gr. samkeppnislaga kemur fram að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar séu samkvæmt lögnum.

Í 15. gr. samkeppnislaga er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að veita undanþágur frá bannákvæðum 10. og 12. gr.

Skilyrði fyrir því að Samkeppniseftirlitið geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. eru þau „að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir,

⁶ Sbr. *Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings*, Official Journal of the European Union (2004/C 31/03), #17.



- b. *veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. *leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. *veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða."*

Til þess að unnt sé að veita undanþágu á grundvelli 15. gr. þarf að uppfylla öll skilyrði ákvæðisins.

Almennt telur Samkeppniseftirlitið að gjaldskrá eins og sú sem hér um ræðir, hámarksökutaxti fyrir leigubifreiðar, hafi nokkra sérstöðu eðli málsins samkvæmt. Flestir viðskiptavinir leigubifreiða hafa samband við leigubifreiðastöðvar með síma þegar þeir þurfa á þjónustu leigubifreiða að halda. Því er eðlilegt að viðskiptavinirnir líti svo á að þeir standi í viðskiptasambandi við leigubifreiðastöðina, fremur en við þann leigubifreiðastjóra sem síðan ekur þeim á áfangastað. Ennfremur er líklegt að viðskiptavinirnir kvarti við leigubifreiðastöðina, finnist þeim þjónustu ábótavant, fremur en við þann leigubifreiðastjóra sem þeir áttu viðskipti við. Þá getur það verið erfiðleikum bundið fyrir viðskiptavinum að kanna hjá leigubifreiðastjórum á tiltekinni stöð hver þeirra býður ódýrustu þjónustuna. Hafa ber í huga að á því svæði sem Hreyfill starfar eru 5 leigubifreiðastöðvar og því grundvöllur fyrir verðsamkeppni.

Með hliðsjón af þessu og umfjöllun hér að framan að öðru leyti, telur Samkeppniseftirlitið forsendur til þess að veita undanþágu í máli þessu, á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

3.

Telur Samkeppniseftirlitið rétt með vísan til framanritaðs að veita Hreyfli heimild, með neðangreindum skilyrðum, til samræmingar á hámarksökutöxtum sínum til reynslu til eins árs, til og með 1. júlí 2007. Fyrir þann tíma mun Samkeppniseftirlitið taka afstöðu til þess hvort unnt verði að veita Hreyfli heimildina áfram og þá eftir atvikum einnig til reynslu.

Skilyrði fyrir heimild þessari eru eftirfarandi:

- 1) Að ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á Hreyfli sé tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á Hreyfli.
- 2) Að hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af félagsmönnum verði prentaður með stóru og auðlæsilegu lettri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.

Síðara skilyrðið hefur þann tilgang að tryggja það, gagnvart farþegum, að sá taxti sem ekið er samkvæmt sé að hámarki hinn samræmdi taxti Hreyfils sem nýtur undanþáguheimildar Samkeppniseftirlitsins.

Að uppfylltum þessum skilyrðum veitist bifreiðastjórum á leigubifreiðastöðinni Hreyfli tímabundin heimild til að samræma hámarksökutaxta sína. Hreyfli er ekki



heimilt að breyta þeim töxtum sem nú gilda fyrr en þessi skilyrði hafa verið uppfyllt.

Samkeppniseftirlitið telur rétt að benda á að þegar Samkeppniseftirlitið tekur aftur afstöðu til undanþágu til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta hjá Hreyfli fyrir 1. júlí 2007, munu ofangreind skilyrði og hugsanlega önnur skilyrði koma til skoðunar.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 veitir Samkeppniseftirlitið Hreyfli svf. heimild til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Heimildin sem veitt er til eins árs er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- 1. Ákvörðun um hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra á Hreyfli skal tekin af hagsmunafélagi leigubifreiðastjóra á Hreyfli.**
- 2. Hámarksökutaxti sá sem ákveðinn verður af félagsmönnum Hreyfils skal prentaður með stóru og auðlæsilegu lettri á spjald. Á spjaldið skal einnig fest auðkenni leigubifreiðastöðvarinnar Hreyfils. Spjald þetta skal vera plastað þannig að allar upplýsingar sem á því standa séu undir plastinu. Spjaldið skal vera tryggilega fest á áberandi stað í leigubifreiðinni þannig að það blasi við farþegum hennar.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson